

Mál nr. 27/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega R.

Kona hrasaði á bílaplani þegar hún steig út úr rútu og hlaut líkamstjón 20.8.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.1.2017 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 2.2.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 3.2.2017.

Málsatvik.

M segist hafa verið að stíga út úr rútu á bílaplani og við það fengið högg á hægri hné og slasast. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega hjá R og byggir á því að hún hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarréttarins þar sem M hafi hrasað og fengið högg/hnykk á hægri hné. Slys M hafi því verið skyndilegt og utanaðkomandi. Einnig hafi verið fallist á bótaskyldu úr slysatryggingum almannatrygginga hjá Sjúkratryggingum Íslands, þar sem um sömu slysatryggingarskilgreiningu sé að ræða og í vátryggingarétti.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi sjálf lýst atvikum, fljótlega eftir að þau áttu sér stað, þannig í tölvupósti: „Ég var að stíga út úr rútu með þeim afleiðingum að ég missteig mig, fékk heiftarlegan verk í fótinn og gat ekki stigið í hann. Sem betur fer var kona þarna rétt hjá sem ég gat gripið í, svo ég dytti ekki.“ V telur að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða en ekki utanaðkomandi atburður í skilningi skilgreiningar á orðinu slys í vátryggingarskilmálum og því sé bótaskylda ekki fyrir hendi. V telur sig ekki bundið af afstöðu Sjúkratrygginga Íslands vegna slysatrygginga almannatrygginga.

Álit.

Frásögn M af atburðinum og aðrar lýsingar sem fyrir liggja í málinu, m.a. á eðli líkamstjóns M, benda ekki til að skyndilegur og utanaðkomandi atburður hafi valdið því að M hlaut meiðsli á líkama þegar hún steig út úr rútnni. Verður ekki annað séð en að um hafi verið að ræða afleiðingar innri veiklunar í líkama M og telst hún því ekki hafa orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála V og á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega R hjá V.

Reykjavík 7.3.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.